

Reykjavík, 22. nóvember 2021
SFS2020100184
221. fundur
HG/káb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins varðandi áskriftir að skólamáltíðum

Á 194. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. október 2020 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort þurft hefur að loka á áskriftir að skólamáltíðum veturinn 2019-2020 vegna ógreiddra reikninga? Ef svo er hvað eru þær margar? Einnig er spurt hve margar fjölskyldur hafa ekki getað greitt reikninga vegna áskrifta að skólamáltíðum á þessum tíma og hve margar að þeim fjölskyldum eru komnar með reikninga í vanskil eða eru á leið með þá í vanskil? Hve margar fjölskyldur hafa sótt um sérstakan styrk hjá Reykjavíkurborg til að greiða reikninga fyrir skólamáltíðir barna sinna? Hve margar fjölskyldur hafa fengið slíkan styrk í vetur? Hvað eru margir nemendur í áskrift að skólamáltíðum í Reykjavík?

Svar:

Áskriftum skólamáltíða hefur ekki verið lokað vegna vanskila síðan borgarstjórn ákvað að því skyldi hætt veturinn. Engum áskriftum skólamáltíða var því sagt upp veturinn 2019-2020 og heldur ekki síðar. Skóla- og frístundasvið fær ekki tilkynningar um það hvort eða hverjir sækja um styrk hjá Velferðarsviði til að greiða skólamáltíðir.

Skólaárið 2019-2020 voru að meðaltali 12.494 börn í skólamáltíðaáskrift og voru gefnir út að meðaltali 9.237 reikningar á mánuði. Af þessum reikningum fóru 7,3% útgefinna reikninga yfir í milliinnheimtu hjá Momentum og eru 1,7% enn ógreiddir í nóvember 2021. Skólaárið 2020-2021 voru að meðaltali 12.537 börn í skólamáltíðaáskrift og voru gefnir út að meðaltali 9.514 reikningar á mánuði. Af þessum reikningum fóru að meðaltali 4,2% útgefinna reikninga yfir í milliinnheimtu Momentum og eru 1,5% enn ógreiddir í nóvember 2021. 22. nóvember 2021 eru 12.699 börn í skólamáltíðaáskrift.